Starfsáætlun SSNE

2020

SSNE
Samtök sveitarfélaga & atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra

Efnisyfirlit

Um SSNE 1
Mannauður 1
Markmiðasetning 2
Yfirlit markmiða 2
Atvinnu- og byggðaþróun 3
Atvinnuráðgjöf 7
Nýsköpun 9
Upplýsingaöflun 13
Endurmenntun, samstarf o.fl. 15
Gant graf 16
Rekstraráætlun 17

Um SSNE

Samtök sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra (SSNE) urðu til 1. janúar 2020 þegar landshlutasamtökin Eyþing, Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar og Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga voru sameinuð í eitt félag. Samtök sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra eru landshlutasamtök sveitarfélaga á Norðurlandi eystra og er rekin á grundvelli ákvæða 97. gr. laga nr. 138/2011 um sveitarfélög.

Hlutverk SSNE er að þjónusta sveitarstjórnir og atvinnulíf á starfssvæði landshlutasamtakanna til að ná framangreindum markmiðum – með eftirfarandi hætti:

- Innleiða og fylgja eftir sóknaráætlun og byggðaáætlun, þ.á.m. með úthlutun fjármuna og styrkja til einstakra verkefna, svo sem fyrir er mælt í lögum nr. 69/2015 um byggðaáætlun og sóknaráætlun
- Gæta hagsmuna aðildarsveitarfélaganna utan starfssvæðisins
- Vinna að málum sem eru aðildarsveitarfélögunum sameiginleg innan starfssvæðisins
- Stuðla að öflugu atvinnusvæði til framtíðar með stuðningi við nýsköpun og atvinnuþróun, mótun svæðisskipulags og hagsmunagæslu þar að lútandi
- Annast greiningar, þekkingaröflun og þekkingarmiðlun sem nýtast hlutverki SSNE

Samstarfssamningar sem hafa áhrif á markmiðasetninguna:

Samningur um sóknaráætlun Norðurlands eystra 2020 – 2024 ásamt viðaukum við samninginn

Samningar við Byggðastofnun vegna Brothættra Byggða

Samningur um nýsköpunarverkefnið Eim

Bizmentor - samningsbundið þróunarverkefni

Mannauður

Alls eru átta fastráðnir starfsmenn í sjö stöðugildum hjá SSNE. Af þeim sjö stöðugildum eru fimm í atvinnuráðgjöf, atvinnu- og byggðaþróun. Auk þess eru þrír verkefnastjórar í verkefnum brothættra byggða í tveimur stöðugildum. Því til viðbótar hefur eitt stöðugildi verið í menningarmálum sem áhersluverkefni en á árinu 2020 var það stöðugildi tekið inn í rekstur SSNE og fjármagninu sem ætlað var að standa undir því var sett í aukaúthlutun vegna Covid – 19. Sú ráðstöfun er tímabundin fyrir árið 2020 og mun stjórn taka afstöðu til framtíðar menningarmála hjá samtökunum á ársþingi í september.

Markmiðasetning

Yfirlit markmiða

Markmið 1	Auka samstarf sveitarfélaga á svæðinu
Markmið 2	Auka fjármagn inn á svæðið í gegnum styrktarsjóði
Markmið 3	Fjölga atvinnutækifærum og starfandi fyrirtækjum á svæðinu með fjölbreytni að leiðarljósi
Markmið 4	Að auka námsframboð í listgreinum á framhalds- og háskólastigi
Markmið 5	Að efla safnastarf í landshlutanum
Markmið 6	Stuðla að jákvæðri byggðaþróun
Markmið 7	Auka sýnileika og kynningu á þjónustu atvinnuráðgjafa
Markmið 8	Koma upp gagnagrunni yfir þá sem sækja ráðgjöf hjá SSNE
Markmið 9	Bizmentors – tengja saman frumkvöðla og mentora þvert yfir landið
Markmið 10	Vera með nýsköpunarkeppni / hraðal t.d. í samstarfi við NMÍ, Ferðaklasann og/eða Eim
Markmið 11	Nýsköpun innan starfandi fyrirtækja verði kynnt
Markmið 12	Skapa frumkvöðla samfélag
Markmið 13	Koma á reglubundnu millilandaflugi til Norðurlands eystra
Markmið 14	Bæta skipulag á innanlandsflugi og gera það að almenningssamgöngum í samhæfðu kerfi sem tengist strætó og ferjum
Markmið 15	Koma á samnýtingu póst-, lyfja og fólksflutninga í strjálbýli
Markmið 16	Stuðla að orkuskiptum í samgöngum með því að rafvæða bílaflotann og fjölga hleðslustöðvum.
Markmið 17	Styrkja flutnings- og dreifikerfi raforku í landshlutanum
Markmið 18	Öll lögheimili og fyrirtæki með heilsársbúsetu eða starfsemi á Norðurlandi eystra eigi kost á ljósleiðaratengingu
Markmið 19	Afla upplýsinga um búsetuþætti á Norðurlandi eystra
Markmið 20	Afla upplýsinga um fyrirtæki á svæðinu
Markmið 21	Koma upp mælaborði fyrir mikilvæga þætti Norðurland eystra
Markmið 22	Kynnast starfsemi stoðstofnanna
Markmið 23	Auka tækniþekkingu starfsmanna

Atvinnu- og byggðaþróun

- Félagið vinnur í samræmi við stefnu ríkisins, eins og hún kemur fram í ályktun Alþingis um byggðamál og í samræmi við áherslur Sóknaráætlunar landshlutans og aðra stefnumótin á sviði atvinnu- og byggðaþróunar á starfssvæði sínu. Félagið gerir m.a. úttekt á möguleikum atvinnulífs á svæðinu og hvernig megi nýta þá sem best.
- Félagið leitar samstarfs við stofnanir í stoðkerfi atvinnulífs, fyrirtæki og aðra aðila sem vinna ráðgjafar- og leiðbeiningarstarf í atvinnumálum. Félagið miðlar eftir föngum upplýsingum um starfsemi þessara aðila og vinnur að bættum samskiptum þeirra við atvinnulíf á starfssvæðinu.
- Félagið tekur þátt í námskeiðahaldi varðandi rekstur fyrirtækja o.þ.h. í samstarfi við Byggðastofnun og aðrar stofnanir í stoðkerfi atvinnulífs og byggðaþróunar.

Með því að stuðla að samstarfi aðildarsveitarfélaga er ekki aðeins verið að styrkja landshlutann og efla samstöðu heldur einnig verið að skjóta styrkari stoðum undir atvinnu- og byggðaþróun. Þá er þetta markmið sem styður hlutverk SSNE í að "Vinna að málum sem eru aðildarsveitarfélögunum sameiginleg innan starfssvæðisins."

Markmið 1

Markmið	Auka samstarf sveitarfélaga á svæðinu.
Aðgerð	• Viðhalda samráðsvettvangi SSNE (fundað með sveitarstjórum) með því að halda reglulega fundi t.d. mánaðarlega.
Árangursmælikvarði	• Aukin fjöldi sameiginlegra verkefna og sameiginlegra ályktana.

Norðurland eystra hefur mikla möguleika á að sækja fé í gegnum styrktarsjóði til rannsókna og atvinnuuppbyggingar. Mikilvægt er að fylgjast vel með þeirri þróun og tryggja að verið sé að nýta þær leiðir sem í boði eru.

Markmið 2

Markmið	Auka fjármagn inn á svæðið í gegnum styrktarsjóði.
Aðgerð	• Kynna opinbera styrktarsjóði sem hægt er að sækja um fyrir verkefni sem bjóða upp á samstarf, nýtast svæðum eða landshlutanum í heild. Kynnt á fundi með sveitarstjórum t.d.
Árangursmælikvarði	• Fjöldi umsókna frá aðildarsveitarfélögum SSNE í styrktarsjóði þar sem um samstarfsverkefni er að ræða. Tengt markmiði 5. Aukið fjármagn renni til svæðisins í gegnum styrktarsjóði. Tengt markmiði 5.

Með því að styðja við og vera leiðandi í verkefnum sem stuðla að því að fjölga atvinnutækifærum, starfandi fyrirtæki með fjölbreytni að leiðarljósi er SSNE að uppfylla sitt hlutverk í því að „Stuðla að öflugu atvinnusvæði til framtíðar með stuðningi við nýsköpun og atvinnuþróun, mótun svæðisskipulags og hagsmunagæslu þar að lútandi.“ Ofangreint markmið styður einnig við áttunda markmið SÞ: Góð atvinna og hagvöxtur stuðla að viðvarandi sjálfbærum hagvexti og arðbærum og mannsæmandi atvinnutækifærum fyrir alla og sérstaklega markmið 8.2 Aukinni framleiðni í atvinnulífinu verði náð með fjölbreytni, tækninýjungum og nýsköpun, meðal annars með því að beina athygli að vinnuaflsfrekum geirum sem fela í sér mikinn virðisauka.

Markmið 3

Markmið	Fjölga atvinnutækifærum og starfandi fyrirtækjum á svæðinu með fjölbreytni að leiðarljósi.
Aðgerð	• Verkefnisstjórar/sérfræðingar á hverju svæði vinna samantekt yfir helstu tækifæri á hverju svæði fyrir sig. Sérstök áhersla lögð á og kynna tækifæri til nýsköpunar í matvæla- og velferðartækni sem og skapandi greinum og samantektin aðgengileg á heimasíðu SSNE. • Kynna tækifæri til betri orkunýtingar sem og tækifæri til nýtingar jarðvarma á svæðinu í samstarfi við Eim.
Árangursmælikvarði	• Samantektin nýtt til að skapa tækifæri. • Fjöldi fyrirtækja/heimila sem fara í orkusparandi aðgerðir eða nýta jarðvarma á árinu verði að minnsta kosti 20.

Með því að vinna verkefni sem stuðla að því að menntunarstig hækki á svæðinu er SSNE þátttakandi í því að auka búsetugæði og þjónustustig á starfssvæðinu. Þá styður þetta markmið einnig fjórða markmið SÞ *"Menntun fyrir alla tryggja öllum jafnan aðgang að góðri menntun og tækifæri til náms alla ævi."* Stóra markmiðið er að menntunarstig hækki um 5%, fyrst og fremst í skapandi greinum, til 2024.

Markmið 4

Markmið	Að auka námsframboð í listgreinum á framhalds- og háskólastigi.
Aðgerð	• Starfsmaður á vegum SSNE situr í starfshópi sem vinnur að innleiðingu listnáms á háskólastigi í landshlutanum í samstarfi við Listaháskóla Ísland, Háskólann á Akureyri og framhaldsskólana á svæðinu. • Stuðla að aukinni notkun á fjarfundarbúnaði í listnámi/listsköpun með virku samtali milli skóla og símenntunarstöðva/þekkingarsetra.
Árangursmælikvarði	• Listnám á háskólastigi verði innleitt í landshlutanum. • Fjöldi fjarnema í listnámi/listsköpun aukist um 5%.

Með því að vinna verkefni sem stuðla að eflingu stafnastarfs á svæðinu er SSNE þátttakandi í því að efla fagmennsku innan safna og setra á svæðinu og að stuðla að jákvæðu viðhorfi íbúa til menningar. Verkefnið styður jafnframt við Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna 17.17 „Hvetja til skilvirkari samstarfsverkefna hjá hinu opinbera, milli opinbera geirans og einkaaðila og á meðal borgaranna og styðja við slík verkefni. Við framkvæmd þeirra verði byggt á reynslu af samstarfsverkefnum almennt og útsjónarsemi höfð í fyrirrúmi".

Markmið 5

Markmið	Að efla safnastarf í landshlutanum.
Aðgerð	• Vinna fýsileikakönnun um aukið samstarf eða sameiningu safna á svæðinu í samstarfi og samráði við höfuðsafn og viðurkennt safn með vísan til 13. r. Safnalaga, nr. 141/2011, auk safnaráðs. Verkefnið er hefur vísun í lið C-14 innan stefnumótandi byggðaáætlunar 2018-2024 og var unnið af RHA. • Að vinna safnastefnu fyrir Akureyrarbæ.
Árangursmælikvarði	• Fjöldi safna sem hefja samstarf eða sameinast aukist. • Fjöldi safna á svæðinu sem þjóna hlutverki ábyrgðasafns verði að minnsta kosti eitt. • Innleiða safnastefnu fyrir Akureyrarbæ sem stuðlar að aukinni hagræðingu og fagmennsku í rekstri safna sem eru á ábyrgð Akureyrarbæjar.

Með því að stuðla að jákvæðri byggðaþróun er sérstaklega verið að styðja við verkefni innan stefnumótandi byggðaáætlunar, sóknaráætlunar og verkefnum innan Brothættra byggða þar sem markvisst er unnið að því að stuðla að öflugu atvinnulífi og að gera landshlutann að samkeppnishæfum valkosti, bæði til atvinnu og búsetu.

Markmið 6

Markmið	Stuðla að jákvæðri byggðaþróun.
Aðgerð	• Kynna svæðið sem áhugaverðan búsetukost með tilliti til atvinnutækifæra, nýsköpunar, búsetuúrræða og þjónustu fyrir fólk á öllum aldri, þó sér í lagi fjölskyldufólk. Samráðshópur stofnaður með fulltrúum af öllu starfssvæði SSNE sem vinnur að gerð kynningarmyndbands sem birt verður á samfélagsmiðlum SSNE. Þessa aðgerð má tengja við markmið og aðgerðir að auknu samstarfi aðildar sveitarfélaga SSNE. • Markvissari vinnubrögð við að framfylgja verkefnum innan Brothættra byggða, Sóknaráætlunar og Stefnumótandi byggðaáætlunar með samráðsfundi meðal starfsmanna SSNE tvisvar á ári þar sem skyld verkefni/markmið verða unnin í samstarfi. • Að Akureyri verði skilgreind opinberlega sem borgarsvæði.
Árangursmælikvarði	• Fólki fjölgi sem nemur um 1% í landshlutanum með áherslu á aukið jafnvægi í aldurs- og kynjasamsetningu. • Fjöldi samstarfsverkefna sem tengjast verkefnisáætlunum BB, Sóknaráætlun og Stefnumótandi byggðaáætlunar aukist.

Atvinnuráðgjöf

- Félagið veitir ráðgjöf við stofnun, þróun og rekstur fyrirtækja á starfssvæðinu, svo sem markaðssókn, vöruþróun, fjármögnun, kynningu, endurskipulagningu, erlend samskipti o.fl. Félagið veitir m.a. upplýsingar um mögulega fyrirgreiðslu og styrki, aðstoð annarra aðila og aðstoð við gerð rekstraráætlana. Áhersla skal lögð á fyrirtæki sem hafa afgerandi áhrif á atvinnulíf lítilla byggðalaga, fyrirtæki í nýjum atvinnugreinum, fyrirtæki með nýja vörur eða þjónustu og nýstofnuð fyrirtæki.
- Félagið getur tekið þátt í fjárhagslegri ráðgjöf og endurskipulagningu fyrirtækja, en varast þó starfsemi á samkeppnismarkaði.
- Veittan tíma í atvinnuráðgjöf skal flokka niður í eftirfarandi flokka á ársgrundvelli;
    i. Iðnaður
    ii. Ferðaþjónusta
    iii. Landbúnaður, þ.m.t. fiskeldi og þjónustugreinar fiskeldis
    iv. Sjávarútvegur
    v. Menning, listir og skapandi greinar
    vi. Ríki og sveitarfélög
    vii. Annað

Þjónusta atvinnurágjafa verði vel þekkt á svæðinu og verði auðveldara fyrir íbúa og forsvarsfólk fyrirtækja að sækja þjónustu til þeirra. Atvinnuráðgjafar eiga einnig að öðlast yfirgripsmikla þekkingu á verkefnum á svæðinu.

Markmið 7

Markmið	Auka sýnileika og kynningu á þjónustu atvinnuráðgjafa.
Aðgerð	• Heimsækja öll aðildarsveitarfélög SSNE, t.d. eitt í mánuði. Leggja í hendur sveitarfélaganna hvernig dagskrá heimsóknarinnar er. • Funda með atvinnumálafulltrúum, ferðamálafulltrúum, sveitarstjórum og fyrirtækjum. • Kynna þjónustuna á Facebook og heimasíðu SSNE. • Gefa út mánaðarlegt fréttabréf
Árangursmælikvarði	• Fleiri sæki í atvinnuráðgjöf SSNE. Samhangandi við markmið 5 svo hægt verði að mæla fjölda. • Fjölga nýskráðum fyrirtækjum um 2%. Skoða það meðfram uppfærslum á creditinfo listanum. • Fjöldi beiðna aukist frá sveitarfélögum og Byggðastofnun um aðstoð. Halda utan um þær beiðnir svo það skapist viðmið fyrir næstu ár. Tengt markmiði 5.

Nauðsynlegt er að halda gagnagrunn um þá sem sækja þjónustu SSNE til að hafa betri yfirsýn yfir þjónustuna sem félagið veitir. Það auðveldar aðgengi að viðskiptahópnum þegar þarf að miðla upplýsingum t.d. um umsóknafresti eða námskeið.

Markmið 8

Markmið	Koma upp gagnagrunni yfir þá sem sækja ráðgjöf hjá SSNE.
Aðgerð	• Finna bestu og aðgengilegustu leiðina til að halda utan um viðskiptavini ráðgjafar og flokka eftir atvinnugreinum. • Halda utan um beiðnir frá sveitarfélögunum og Byggðastofnun varðandi aðstoð.
Árangursmælikvarði	• Gagnagrunnurinn verði nýttur til að miðla upplýsingum til viðskiptavina SSNE.

Veita frumkvöðlum í dreifðari byggðum stuðning og styrk til að takast á við verkefnin sín og þróa þau áfram. Mentorinn þarf ekki að vera á svæðinu en frumkvöðulinn hefur gott aðgengi að honum. Bizmentors er í þróun með fleiri löndum t.d. Noregi, Skotlandi og Finnlandi.

Markmið 9

Markmið	Bizmentors – tengja saman frumkvöðla og mentora þvert yfir landið.
Aðgerð	• Gera aðgengilega vefgátt fyrir mentora og frumkvöðla.
Árangursmælikvarði	• Undir lok árs sé umferð um síðuna orðin virk, og a.m.k. séu orðin fimm virk mentora sambönd.

Nýsköpun

- Félagið vinnur verkefni á sviði nýsköpunar með einstaklingum og fyrirtækjum.

Það er mikilvægt fyrir frumkvöðla að hafa samfélag sín á milli og tækifæri til að skiptast á þekkingu og byggja sjálfa sig upp. Nýsköpunarkeppni eða hraðall sem býður upp á að slíkur vettvangur myndist og einnig tækifæri til að þroska og þróa hugmyndir.

Markmið 10

Markmið	Vera með nýsköpunarkeppni / hraðal t.d. í samstarfi við NMÍ, Ferðaklasann og/eða Eim.
Aðgerð	• Halda eða undirbúa keppni eða hraðal. Áætlað að halda viðburðinn veturinn 20/21.
Árangursmælikvarði	• Upp úr slíkri keppni verði framgangur a.m.k. þriggja verkefna mjög góður og þau fái styrki til Uppbyggingarsjóðs og stærri styrki eins og hjá Tækniþróunarsjóði.

Það er mikilvægt að nýsköpun innan starfandi fyrirtækja verði gert hærra undir höfði enda ótrúleg gróska þar. Þetta markmið eflir innri meðvitund og fær starfsfólk til að vera öflugur málsvari nýsköpunar landshlutans.

Markmið 11

Markmið	Nýsköpun innan starfandi fyrirtækja verði kynnt.
Aðgerð	• Heimsóknir í fyrirtæki. • Kynningar á samfélagsmiðlum og/eða heimasíðu. • Notkun á gagnagrunni samkvæmt markmiði 8.
Árangursmælikvarði	• Auka fjármagn til nýsköpunarverkefna í gegnum Rannís um 5%. • Fleiri fyrirtæki nýti sér skattaafslátt vegna nýsköpunar og þróunar.

Mikilvægt er að frumkvöðlar tilheyri samfélagi þar sem þeir geta rætt hugmyndir sínar, fengið fræðslu og öðlast þekkingu til að takast betur á við sín verkefni. Þetta er vettvangur fyrir samvinnu og tengslamyndun.

Markmið 12

Markmið	Skapa frumkvöðla samfélag.
Aðgerð	• Til verði vettvangur fyrir frumkvöðla til samstarfs og samtals, mögulega lokaður facebook hópur. • Kynningar og námskeið færu fram í þessum hópi t.d. kynning á uppbyggingarsjóði.
Árangursmælikvarði	• Nýsköpunarverkefni verði fleiri.

Búsetuþættir

- Félagið vinnur í samstarfi við sveitarfélög, aðra opinbera aðila og félagasamtök að greiningu og eflingu búsetuþátta.

Mikil tækifæri liggja í aukinni nýtingu Akureyrarflugvallar fyrir millilandaflug. Það væri ekki einungis tækifæri fyrir landshlutann heldur landið í heild. Þannig myndu ferðamenn dreifast betur um landið og minnka álagið á suðvesturhorni landsins. Betri nýting á fjárfestingu um norðan- og austanvert landið er augljós kostur en sömuleiðis liggja þarna tækifæri í auknum útflutningi á ferskum sjávarafurðum á erlenda markaði.

Í SVÓT greiningu fyrir sóknaráætlun Norðurlands eystra kemur fram að skortur á beinum samgöngum við alþjóðamarkaði sé einn helsti veikleiki svæðisins og skökk samkeppnisskilyrði atvinnulífs s.s. í samgöngum og flutningum teljast ógnun.

Markmið 13

Markmið	Koma á reglubundnu millilandaflugi til Norðurlands eystra.
Aðgerð	• Vinna fýsileikakönnun með hagaðilum um stofnun flugfélags, sem heldur utan um millilandaflug, á svæðinu.
Árangursmælikvarði	• Að niðurstaðan verði nýtt til ákvörðunar um framhald.

Burt séð frá ólíkum skoðunum um hvort og hvert Reykjavíkurflugvöllur eigi að víkja, þá hefur þessi mikla óvissa verið alltof lengi mikil ógn og gerir það erfitt að skipuleggja samgöngur og þjónustu milli landshluta. Komi til flutnings innanlandsflugs frá borginni þarf að hefja umræðu um uppbyggingu grunnþjónustu um landið til að vega upp á móti skertum samgöngum við Reykjavík.

Markmið 14

Markmið	Bæta skipulag á innanlandsflugi og gera það að almenningssamgöngum í samhæfðu kerfi sem tengist strætó og ferjum.
Aðgerð	• Fylgja eftir ákvörðun sem liggur fyrir um að hið opinbera niðurgreiði fargjöld til fólks sem býr fjarri höfuðborgarsvæðinu og auðvelda þeim þannig að sækja þangað miðlæga þjónustu með hagkvæmum og skilvirkum hætti.
Árangursmælikvarði	• Byrjað verði að niðurgreiða fargjöld til fólks sem býr fjarri höfuðborgarsvæðinu á árinu.

Ófullnægjandi almenningssamgöngur milli byggðakjarna er talin til veikleika svæðisins. Nauðsynlegt er að hyggja að samstarfi og samlegð allra flutningsaðila þar sem, vegna smæðar, skortir á allar samkeppnisforsendur.

Markmið 15

Markmið	Koma á samnýtingu póst-, lyfja- og fólksflutninga í strjálbýli.
Aðgerð	• Halda áfram samtali við hlutaðeigandi aðila og greina hvar vandamálið liggur.
Árangursmælikvarði	• Komast að niðurstöðu í málinu.

Rafbílavæðing er nauðsynlegur þáttur í að ná markmiðum Parísarsamkomulagsins og í sóknaráætlun landshlutans er hvatt til aukinnar rafbílavæðingar og fjölgunar á hleðslustöðvum. Þetta er einn mikilvægasti þátturinn í að gera kolefnisspor svæðisins hlutlaust. Til lengri tíma er rafbílavæðing einnig þjóðhagslega hagkvæm.

Markmið 16

Markmið	Stuðla að orkuskiptum í samgöngum með því að rafvæða bílaflotann og fjölga hleðslustöðvum.
Aðgerð	• Eftirfylgni, eftirlit og hagsmunabarátta varðandi forgangsröðun og fjárveitingar til málaflokksins.
Árangursmælikvarði	• Fjöldi skráðra rafbíla aukist um 10%. • Fjöldi hleðslustöðva aukist um 10%.

Víða í landshlutanum, sérstaklega á austurhluta svæðisins, er flutningskerfi raforku ófullnægjandi og er takmarkandi fyrir rekstur og uppbyggingu margra fyrirtækja og möguleika þeirra á orkuskiptum.

Markmið 17

Markmið	Styrkja flutnings- og dreifikerfi raforku í landshlutanum.
Aðgerð	• Eftirfylgni, eftirlit og hagsmunabarátta varðandi forgangsröðun og fjárveitingar til málaflokksins.
Árangursmælikvarði	• Hlutdeild þeirra sem búa við þrífasa rafmagnstengingu verði 80%.

Í nútíma samfélagi er nauðsynlegt að hafa aðgengi að hröðum og öruggum fjarskiptum. Víða í landshlutanum er enn óviðunandi fjarskipta- og netsamband sem hefur áhrif á möguleika til uppbyggingar atvinnulífs og menntunar sem byggja á fjarskiptum, sérstaklega hröðu og öruggu netsambandi.

Markmið 18

Markmið	Öll lögheimili og fyrirtæki með heilsársbúsetu eða starfsemi á Norðurlandi eystra eigi kost á ljósleiðaratengingu.
Aðgerð	• Eftirfylgni, eftirlit og hagsmunabarátta varðandi forgangsröðun og fjárveitingar til málaflokksins.
Árangursmælikvarði	• Auka hlutdeild þeirra sem búa við ljósleiðaratengingu í 100%.

Upplýsingaöflun

- Félagið skal hafa góða heildaryfirsýn yfir starfssvæði sitt og veita Byggðastofnun eins og kostur er upplýsingar um ástand atvinnulífs og búsetuþátta. Þessar upplýsingar skulu veittar án endurgjalds.

Til þess að hafa góða heildaryfirsýn yfir búsetuþætti á starfssvæðinu og meta hvar úrbóta er þörf er nauðsynlegt að afla upplýsinga og hafa sambærileg gögn við aðra landshluta. Því er þátttaka í íbúakönnun á Íslandi í samvinnu við SSV afar mikilvæg.

Meginmarkmið íbúakönnunarinnar verður að draga fram afstöðu íbúa einstakra landshluta til ýmissa þátta sem telja má meðal mikilvægustu búsetuskilyrða heimilanna. Auk þess verður grennslast fyrir um hvort fólk íhugi brottflutning og ánægju þess með að búa á viðkomandi stöðum, svo eitthvað sé nefnt.

Markmið 19

Markmið	Afla upplýsinga um búsetuþætti á Norðurlandi eystra.
Aðgerð	• Taka þátt í íbúakönnun í samstarfi við SSV & RHA.
Árangursmælikvarði	• Niðurstöður könnunar. Svörun/þátttaka aukist um 5%. • Niðurstöður nýtist m.a. til að svara spurningum um árangursmælikvarða markmiða í Sóknaráætlun, s.s. menningu.

Til þess að hafa góða heildarsýn yfir atvinnulíf á starfssvæðinu og meta stöðu og horfur er nauðsynlegt að afla upplýsinga um fyrirtæki á svæðinu. Því er þátttaka í fyrirtækjakönnun landshlutanna í samvinnu við SSV afar mikilvæg.

Meginmarkmið könnunarinnar er að draga fram afstöðu forsvarsmanna fyrirtækja einstakra landshluta til ýmissa þátta sem telja má meðal mikilvægustu rekstrarþátta fyrirtækja.

Markmið 20

Markmið	Afla upplýsinga um fyrirtæki á svæðinu
Aðgerð	• Fá uppfærðan fyrirtækjalista frá CreditInfo og yfirfara. • Uppfæra atvinnugreinaflokkun í Fyrirtækjakönnun í samráði við Vífil. • Senda út könnun á fyrirtækjalista.
Árangursmælikvarði	• Niðurstöður könnunar. • Svörun, fjöldi þátttakenda aukist um 5%.

Gagnatorg landshlutanna væri góð leið til að hafa yfirsýn og veita upplýsingar um áhrif atvinnulífs og búsetuþátta í landshlutanum.

Markmið 21

Markmið	Koma upp mælaborði fyrir mikilvæga þætti Norðurland eystra.
Aðgerð	• Skilgreina þá þætti og komast að samkomulag sem við viljum sjá á mælaborði SSNE fyrir búsetuþætti svæðisins í víðu samhengi (samfélags- atvinnu- menningar- o.fl.).
Árangursmælikvarði	• Mælitækin nýtist til að fylgjast með þróun á svæðinu svo að vinna SSNE og annarra hagsmunaðila verði markvissari.

Endurmenntun, samstarf o.fl.

- Félagið leitast við að efla þekkingu og fagmennsku sína á sviði atvinnu- og byggðaþróunar með endurmenntun, samvinnu við önnur atvinnuþróunarfélög og Byggðastofnun, þátttöku í samstarfsverkefnum þessara aðila og með þátttöku í stefnumótun og samræmingu á starfsemi félaganna.

Mikilvægt er að starfsmenn SSNE kynni sér hlutverk og verkefni stoðstofnanna sem vinna að sameiginlegum hagsmunum þvert á landið í þeim málaflokkum sem tengjast SSNE. Samstarf við þessar stofnanir eru landshlutanum til framdráttar og nýtast við vinnu og stefnumótun SSNE til framtíðar.

Markmið 22

Markmið	Kynnast starfsemi stoðstofnanna.
Aðgerð	• Farið verði í heimsókn til Samtaka iðnaðarins, Samtaka atvinnulífsins, Viðskiptaráðs Íslands og Íslandsstofu o.fl. stofnanir sem vinna að sameiginlegum hagsmunum okkar allra og fáum kynningu á verkefnum þeirra og samleiðaráhrif skoðuð sérstaklega.
Árangursmælikvarði	• Starfsmenn SSNE verði meðvitaðir um þá vinnu sem verið sé að vinna hjá öðrum stofnunum með samstarf í huga.

Mikilvægt er að starfsmenn öðlist færni í nýjustu tækni, tileinki sér hana og miðli áfram.

Markmið 23

Markmið	Auka tækniþekkingu starfsmanna.
Aðgerð	• Námskeið t.d. í Teams, fjarfundarbúnaði, excel o.fl.
Árangursmælikvarði	• Aukið hlutfall fjarfunda og aukin hagnýting stafrænna lausna.

Gant graf

MARKMIÐ	JAN	FEB	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ	ÁG	SEPT	OKT	NÓV	DES
1			x	x	x	x	x	x	x	x	x	x
2	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x
3									x	x	x	x
4				x	x	x	x	x	x	x		
5									x	x	x	
6			x	x	x	x	x	x	x	x	x	
7			x	x	x	x	x	x	x	x	x	x
8								x	x	x	x	
9										x	x	
10					x	x	x	x	x	x		
11								x	x	x	x	x
12					x	x	x	x	x			
13	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x
14									x	x		
15	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x		
16									x	x	x	x
17	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x
18	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x
19								x	x	x		
20			x	x								
21							x	x	x	x	x	x
22										x	x	
23									x	x	x	
24												

Rekstraráætlun

Sundurliðanir rekstrarreiknings

	SSNE	Atvinnuþróun othættar byggðir		Sóknaráætlun	Evrópuverkefni	Svæðisskipulag Eyjafjarðar	Áætlun 2020
Rekstrartekjur:							
Framlag ríkissjóðs				161,136,428			161,136,428.00
Framlög Jöfnunarsjóðs til reksturs SSNE	41,660,000						41,660,000.00
Framlög sveitarfélaga til reksturs SSNE	67,500,000			12,200,000		40,000	79,740,000.00
Framlög Byggðastofnunar til atvinnuþróunar		36,500,000	25,450,000				61,950,000.00
Framlag Norðurþings v/atvinnuþróunar		4,200,000					4,200,000.00
Framlag Langanesbyggðar v/brothættra byggða			3,200,000				3,200,000.00
Endurgeiddur kostnaður v/Evrópuverkefnis					2,860,000		2,860,000.00
Aðrar tekjur - einskiptis	14,800,000						14,800,000.00
	123,960,000	40,700,000	28,650,000	173,336,428	2,860,000	40,000	369,546,428
Laun og launatengd gjöld:							
Laun	32,500,000	49,310,000	18,700,000	1,500,000			102,010,000.00
Laun stjórnar	6,320,000						6,320,000.00
Launatengd gjöld	8,682,500	7,800,000	3,390,000	290,000			20,162,500.00
	47,502,500	57,110,000	22,090,000	1,790,000			128,492,500
Rekstrargjöld:							
Akstur skv. dagbók	480,000	400,000		300,000			1,180,000.00
Dagpeningar	410,000	300,000		150,000			860,000.00
Áunnið orlof	1,500,000	4,500,000					6,000,000.00
Tryggingar starfsfólks	120,000						120,000.00
Annar starfsmannakostnaður	3,050,000	700,000					3,750,000.00
Hiti, rafmagn og ræsting	1,300,000	1,150,000	350,000				2,800,000.00
Húsaleiga	1,900,000	5,300,000					7,200,000.00
Húsaleiga Vaðlaheiðargöng	(57,000)						(57,000.00)
Sími og áskriftargjöld	750,000	210,000	72,000				1,032,000.00
Símsvörun		145,000					145,000.00
Burðargjöld	70,000	20,000					90,000.00
Bækur, blöð og tímarit	15,000	15,000					30,000.00
Pappír, prentun og ritföng	250,000	100,000					350,000.00
Skrifstofuáhöld	1,250,000	3,000,000					4,250,000.00
Rekstur tölvukerfis	5,200,000	2,000,000					7,200,000.00
Annar skrifstofukostnaður	200,000	20,000					220,000.00
Endurskoðun	1,500,000						1,500,000.00
Bókhald	2,500,000	170,000					2,670,000.00
Lögfræðikostnaður	3,500,000	200,000					3,700,000.00
Aðkeypt þjónusta	7,620,000	200,000		65,000	600,000	40,000	8,525,000.00
Ferðakostnaður	2,630,000	2,200,000	900,000	580,000	360,000		6,670,000.00
Funda- og viðskiptakostnaður	1,530,000	100,000	340,000	330,000			2,300,000.00
Ráðstefnur	270,000						270,000.00
Auglýsingar	-	200,000		550,000			750,000.00
Annar kostnaður	-			20,000			20,000.00
Flutt á skrifstofu SSNE vegna umsýslu	(8,215,000)			8,215,000			-
Bankakostnaður	45,000	15,000					60,000.00
Tryggingar	40,000	25,000					65,000.00
Annar kostnaður - einskiptis	15,000,000						15,000,000.00
Lífeyrissjóðsskuldbindingar	1,000,000						1,000,000.00
Veittir styrkir og áhersluverkefni				161,336,428			161,336,428.00
	43,858,000	20,970,000	1,662,000	171,546,428	960,000	40,000	239,036,428
Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði	32,599,500	-37,380,000	4,898,000	0	1,900,000	0	2,017,500